

Mál nr. 385/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Þjónusta.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. nóvember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 2. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. desember 2022, ásamt mynd.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að vatnstjón hafi orðið á eldhúsinnréttingu í húsnaði M þann 30. júlí 2022 og að tjónamatsmaður sem er verktaki á vegum V hafi komið á staðinn og upplýst M um að undirskápar og borðplötur sem þeim tengjast væru ónýt auk stærri skápa sem stæðu á sökklum. Starfsmenn X hafi fjarlægt skápana og fargað og stóð M í þeirri trú að V myndi bæta tjón á öllum þeim skápum sem fargað var. V viðurkenndi bótaskyldu vegna tjónsatviksins en sendi bótatilboð vegna hluta tjónsins, einungis vegna þriggja skápa af níu undirskápum sem tengdir voru sökklum auk tveggja stærri skápa. Telur M sig hafa verið í góðri trú eftir samtal við starfsmann X þann 9. ágúst 2022 að henda ætti öllum skápum og borðplötum sem tengdar væru sökklum vegna tjónsins enda yrðu þeir bættir. Það hafi því komið M á óvart þegar starfsmaður V upplýsti að hægt hefði verið að nota suma skápana og borðplötur aftur með því að skipta um sökklum sem voru ónýtir. Ekki er um það deilt að sökklarnir voru ónýtir auk hluta veggja og vatnstengis sem gaf sig. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu X hjá V þar sem starfsmenn X hafi hent allri innréttingunni án þess að M hafi beðið þá um það.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X vegna tjónsins. Vísar V til c-liðar greinar 7.1. í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar þar sem fram kemur að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkefninu eða við verkið. Jafnvel þó atvikið teldist falla undir gildissvið ábyrgðartryggingar X, telur V að ósannað sé að starfsmenn X hafi fleygt allri innréttingunni án þess að hafa fengið fyrirmæli um það frá M og þar með sýnt af sér sök. Að sögn starfsmanna X hafi M hringt í þá þegar þeir voru byrjaðir að taka niður skápana og beðið þá einnig um að henda hinum hlutanum því hann ætlaði að nýta tækifærið og endurnýja innréttinguna í heild sinni.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lítur að því hvort sannað sé að starfsmenn X hafi, án þess að samþykki M lægi fyrir, fleygt allri eldhúsinnréttingu M og þannig sýnt af sér saknæma háttsemi. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Takist slík sönnun ekki ber tjónþoli hallann af því. Af framansögðu verður ráðið að M byggir kröfu sína á þeim grundvelli að hann hafi ekki gefið starfsmönnum M heimild til þess að fleygja allri innréttingunni en á sama hátt halda starfsmenn X því fram að M hafi sérstaklega beðið þá um að fleygja henni. Gegn neitun X og án vitnisframburða eða annarra sönnunargagna verður að telja ósannað að starfsmenn X hafi í heimildarleysi fleygt allri innréttingunni. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður því að telja að skilyrði skaðabótaskyldu séu ekki uppfyllt. M á því ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir